

REGLUGERÐ

um að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu.

1. gr.

Frá og með 1. janúar 1975 skal fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings greind og greidd með heilli krónu þannig að lægri fjárhæð en fimmtíu aorum skal sleppt en fimmtíu aurar eða hærri fjárhæð hækkuð í eina krónu.

2. gr.

Enginn er skyldugur til að greiða fjárhæð er reiknast lægri en fimmtíu aurar. Hins vegar eru allir skyldugir til að hlíta því að greiða fjárhæð er reiknast fimmtíu aurar eða hærri fjárhæð í aorum með heilli krónu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 22 frá 23. apríl 1968 um gjaldmiðil Íslands, sbr. 1. gr. laga nr. 38 frá 8. maí 1974, um breyting á fyrrgreindum lögum, öðlast gildi 1. janúar 1975.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 297 frá 3. desember 1968 um að fjárhæð krafna og reikninga skuli greind með heilum tug aura.

Viðskiptaráðuneytið, 13. nóvember 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Þórhallur Ásgeirsson.